Samgöngustofa

**Dráttarvél**

# ÖKUNÁMSBÓK
## fyrir dráttarvél
## T - FLOKKUR

**Samskiptabók vegna ökunáms**



Sýniseintak

Námsheimild sýslumanns skal liggja fyrir til að hefja ökunám og þreyta ökupróf að því loknu.

| Ökunemi/eigandi ökunámsbókar | |
|---|---|
| Kennitala | Sími/símar |
| Heimili | Netfang |
| Ökukennari | Sími/netfang |
| Ökuskóli | |

# Ökuskóli

Skal fyllt út af ökunema. Kennslustund er miðuð við 45 mínútur. Fjöldi kennslustunda í bóklegu námi er að lágmarki 12 og í verklegu námi að lágmarki 5.

| **Bóklegt nám** | | | **Verklegt nám** | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Dags.** | **Tíma-fjöldi** | **Vottun nema** | **Dags.** | **Tíma-fjöldi** | **Vottun nema** |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| **Bóklegar kennslustundir:** | | | **Verklegar kennslustundir:** | | |

Sýniseintak

---------------------------------------------------------- Dags. - vottun ökuskóla

---------------------------------------------------------- Dags. - vottun ökukennara

**Skal fyllt út ef ökunemi er undir 18 ára aldri**

Ég, undirritaður <u>forráðamaður</u> ökunemans, eiganda ökunámsbókarinnar, staðfesti með undirskrift minni að hann megi hefja ökunám .

---------------------------------------------- Staður og dagsetning

---------------------------------------------------------- Forráðamaður

# Upplýsingar um námsferil - til Samgöngustofu

**T - Flokkur**

| Ökunemi | |
|---|---|
| Kennitala | Sími |

**Skal fyllt út fyrir skriflegt próf.**

Það staðfestist hér með að ökuneminn hefur fengið a.m.k. **lágmarks bóklega kennslu** hjá neðangreindum ökuskóla til undirbúnings ökuréttinda samkvæmt námskrá. Einnig staðfestir ökukennari hlutdeild sína í fræðilegum undirbúningi ökunemans.

------------------------------------------------ ------------------------------------------------------------

Staður og dagsetning Ökuskóli

------------------------------------------------ ------------------------------------------------------------

Staður og dagsetning Ökukennari

**Skal fyllt út fyrir verklegt próf.**

Það staðfestist hér með að ökuneminn hefur hlotið a.m.k. **lágmarksþjálfun í akstri** hjá undirrituðum ökukennara til undirbúnings ökuréttinda á dráttarvél.

------------------------------------------------ ------------------------------------------------------------

Staður og dagsetning Ökukennari

**Skal fyllt út af prófdómara.**

Það staðfestist hér með að ökuneminn hefur staðist verklegt próf.

--------------------------------- ------------------------------ ----------------------------------------------

Prófstaður Dagsetning Prófdómari

Athugasemdir

Sýniseintak

# Um ökupróf á dráttarvél

Tilgangur ökuprófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti ekið af öryggi og til að fá útgefið ökuskírteini.

Ökuprófið skiptist í tvo hluta; bóklegt próf og verklegt próf. Verklega prófið skiptist í munnlegt próf í þekkingu á ökutæki og meðferð þess, æfingar á plani og að lokum próf í akstri í umferðinni.

Bóklegt próf má ekki fara fram fyrr en tveimur mánuðum áður en próftaki nær 16 ára aldri og verklegt próf ekki fyrr en tveimur vikum fyrir aldur. Próftaki verður að hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst bóklega prófið.

## Bóklegt próf

Bóklegt próf er krossapróf sem tekur um 45 mínútur og niðurstaða liggur fyrir strax að loknu prófi. Það skiptist í A og B hluta, 15 spurningar í hvorum hluta.

Í A-hluta er spurt um:
- *umferðarmerki, vegmerkingar og akreinatöflur*
- *forgang: umferðarljós, merki lögreglu, hægri reglu og merki um forgang*
- *reglur um stöðvun og lagningu*
- *gangbrautir, óvarða vegfarendur og varúð.*

Í B-hluta er spurt um:
- *ökuskírteini og opinbera umsýslu, ökutæki, eftirvagna og umhverfisþætti*
- *ljósa- og merkjanotkun, hraða og aðstæður og stöðvunarvegalengd*
- *mannlega þætti, almenna aksturshætti og skyndihjálp.*

## Verklegt próf

Verklegt próf skiptist í munnlegt próf, æfingar á plani og akstur í umferð.

Í munnlegu prófi er spurt um:
- *hemla, stýrisbúnað, hjól og hjólbarða og stillingar á hliðarspeglum.*
- *ljós og spegla*
- *dráttarbúað, beisli og eftirvagna.*
- *tengibúnað fyrir fylgivélar (drifsköft).*

Í aksturprófi er spurt um:
- *eftirtekt, hvernig próftaki aflar sér upplýsinga (horfir fram og til hliða, notar spegla, athugar blinda punktinn), yfirsýn yfir umferð..*
- *merkjagjöf, hraði, staðsetning og flutningur milli akreina, notkun ljósa hæfni í umferðinni, öryggi, tillitssemi við aðra vegfarendur og fylgni við umferðarreglur.*
- *hraða, notkun aðreina og fráreina, hægri og vinstri beygjur, akreinaval almennt og á tvöföldum beygjureinum, tillit til og hliðsjón af öðrum vegfarendum og kyrrstæðum ökutækjum, o.s.frv.*
- *Akstur með viðbúnaði, tillit til hvers konar aðstæðna, svo sem annarra vegfarenda og kyrrstæðra ökutækja, forgangur til þeirra sem hann eiga, framúrakstur (ef við á), notkun hemla, tillit til hraðatakmarkana*
- *akstur inn í, um og út úr hringtorgum (a.m.k. tvenns lags).*

Sýniseintak